

mér festa; akur hefi eg keyptan“ o. s. frv., sem stóð í vegi. Það var konan eða maðurinn eða foreldrarnir eða vinirnir eða pólitíkin eða atvinnan eða hagnaðurinn. Það dugði ekki fyrir þá að fara að gefa sig í þetta. Vér strönduðum þarna við einstaklingana í byrjun. Vér höfum strandað við heila hópana síðan. Hvað kemur til þess, vinir mínir, að jafn fagurt og elskulegt málefni skuli stranda *svona*? Hvað kemur til þess, að vér skulum hvað eftir annað *reka oss á* þenna illkleifa eða ókleifa vegg? Hvað kemur til þess, að *sannleikanum* og *fegurðinni* skuli ekki vera veitt betri móttaka?

Þessar spurningar fóru smátt og smátt að koma upp í huga vorum. Vér vorum í fyrstu tregir til að trúa því, að þetta gæti verið *svona*, vér héldum að það væri einhverjum klaufaskap vorum að kenna. Eg man svo oft eftir því bæði í Nýja Íslandi og Winnipeg, að vér áttum tal um þetta hvað eftir annað. Það var eins og enginn skildi í því, hvernig þetta gæti verið, og menn komu með ýmsar ástæður fyrir því, að hinn eða þessi væri ekki með. Þær áttu sér náttúrlega stað þessar aukaástæður, en aðalástæðuna sáu menn ekki. Á þeim dögum átti eg oftlega tal við marga hina merkustu menn, suma sem gengnir voru úr kirkjunni, og voru með *svona* að hálfu leyti en ekki öllu, suma af vorum eigin flokki, og eg man það svo vel, að þeir komu með ótal ástæður fyrir því, en sjaldan hinar verulegu. Og þegar eg fór svo að tala utan að því, hver væri aðalástæðan, þá skildu menn mig ekki. Segði eg þeim hana að kveldi, þá mundu þeir hana ekki að morgni, og voru jafnt í myrkrunum sem áður hvað þetta snerti. Það gat ekki snert nokkurn streng hjá sjálfum þeim, og svo fór það inn um annað eyrað en út um hitt.

Til að skýra þetta vil eg skifta mönnum í tvo flokka: þá, sem lesa, hugsa og skilja eða reyna að skilja það, sem þeir lesa, og hinsvegar hina, sem lítið eða ekki lesa, og hugsa sem minnst um annað en hin allra nauðsynlegustu daglegu störf. Menn sáu það fljótt, hver ástæðan var, að þeir voru ekki með, sem ekkert lásu og ekkert hugsuðu; þeir hlutu að trúa. Fyrir þeim var barnatrúin með friðþægingu, bókstaf og fyrirdæmingu hinn háleitasti helgidómur. Vér skildum það vel allir, hversvegna þeir